

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1571*  
*komudagur 9.3.2007*



Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólagötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9750 bréfasími: 552 1160  
postur@lan.stjr.is  
www.landbunadarraduneyti.is

Reykjavík 9. mars 2007  
Tilv.: LAN01010138/427

Efni: Frumvarp um losun gróðurhúsalofttegunda 641. mál.

Landbúnaðarráðuneyti styður frumvarpið og telur það mikilvægt skref í að skapa þessum mikilvæga málaflokki góða lagaumgjörð. Nýsamþykkt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum gerir samþykkt þess brýna svo og þær alþjóðlegu samningaviðræður sem senn hefjast um hvað tekur við að loknum gildistíma Kýótóbókunarinnar sem nær til loka árs 2012.

Því er fagnað hve mikið vægi binding í skógrækt og landgræðslu og breyttri landnotkun fær í stefnumörkuninni og í þessu frumvarpi. Ekki leikur vafi á því að í þessum málaflokki felast miklir möguleikar fyrir íslenska þjóð að mæta krefjandi skuldbindingum í þeim samningum sem framundan eru. Ekki er síður mikilvægt að aukin binding gróðurhúsalofttegunda með ræktun skóga, uppgræðslu og breyttri notkun lands fellur vel að þeim markmiðum sem þjóðin hefur sett sér óháð þeim ávinningi sem felst í kolefnisbindingunni einni sér.

Innan vébanda landbúnaðarráðuneytis starfar öflug sveit sérfræðinga að þessum málum. Hefur það starf skilað sér í þróun vinnuferla og opnað fyrir nýja möguleika í bindingu kolefnis auk þess sem starfið mun ryðja braut fyrir margháttaða starfsemi einstaklinga, fyrirtækja og áhugamannasamtaka.

Á fundi samráðnefndar landbúnaðarins um loftslagsmál var ofangreint frumvarp tekið til umræðu og eru eftirfarandi ábendingar sóttar í þá rökræðu.

#### **4 grein.**

Mælt er með því að landbúnaðarráðuneyti tilnefni einnig fulltrúa í úthlutunarnefnd losunarheimilda sem þannig verði skipuð fjórum fulltrúum í stað þriggja eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

#### **Rökstuðningur;**

- Binding kolefnis í landbúnaði kemur til með að skipta miklu máli varðandi möguleika Íslands til að mæta kröfum um samdrátt í nettólosun og gæti hæglega orðið mjög hátt hlutfall af heildarlosun. Reifaðir hafa verið þeir möguleikar að binding gæti jafnvel orðið jafnhá losun þannig að nettólosun verði engin frá Íslandi.
- Það kann að verða áhugavert að bjóða stóriðjuverkefnum upp á bindingarvalkosti til að mæta losun í framtíðinni með algerrri eða hlutfallslegri kostun ræktunaraðgerða. Í 14. grein frumvarpsins stendur að

“Atvinnurekstri er heimilt að afla sér losunarheimilda á annan hátt með úthlutun losunarheimilda skv. 9,grein svo sem með **fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi,**” Útfærsla á slíku fyrirkomulagi mun hvíla verulega á landbúnaðarráðuneyti og undirstofnunum þess.

- Með aukinni bindingu kemur að því að þjóðin er í raun að úthluta ávinningi af bindingu sem er að verulegu leyti stýrt af landbúnaðarráðuneyti .
- Nákvæmt bókhald er forsenda þess að hægt sé að staðfesta bindieiningar og er unnið að þeim málum á stofnunum landbúnaðarins eftir því sem tók eru á. Það starf þarf að efla og má benda á að áætlaður kostnaður Dana af bókaldi gagnvart bindingarákvæði Kýoto er um 72 milljónir DKR eða um 850 milljónir íslenskar. Í þessu samhengi væri áhugavert að skoða hvort úthlutun losunarheimilda mætti tengja þátttöku við uppbyggingu bókhaldkerfis.

Umhverfisráðuneyti og iðnaðarráðuneyti eru upplýst um efni þessa bréfs.

Fyrir hönd ráðherra



Þorsteinn Tómasson